

Sláturfélag Suðurlands svf. - Afkoma ársins 2007

Rekstur	Samstæða 2007	Samstæða 2006	Samstæða 2005	Samstæða 2004	2003
Fjárhæðir í mkr.					
Rekstrartekjur	5.472,4	5.043,1	4.866,5	4.434,7	3.487,8
Aðrar tekjur	34,4	41,3	27,9	10,4	6,7
Vöru- og umbúðanotkun	(2.540,3)	(2.505,8)	(2.500,4)	(2.210,4)	(1.941,6)
Laun og tengd gjöld	(1.480,4)	(1.298,6)	(1.178,7)	(1.110,4)	(846,3)
Annar rekstrarkostnaður	(1.020,9)	(897,5)	(800,4)	(809,5)	(496,9)
Afskriftir	(239,3)	(228,5)	(220,4)	(216,0)	(154,8)
Rekstrarhagnaður	225,9	154,0	194,5	98,8	54,9
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(123,5)	(158,7)	(48,5)	(24,4)	(32,4)
Hagnaður af sölu hlutabréfa	4,2	5,3	184,9	44,3	
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi	24,6	22,8	12,5	(17,1)	(57,4)
Hagn. (tap) fyrir aðra liði	131,2	23,4	343,4	101,6	(34,9)
Tekju- og eignarskattur	1,5			(0,1)	(2,6)
Hagnaður (tap) ársins	132,7	23,4	343,4	101,5	(37,5)
Veltufé frá rekstri	337,6	364,5	355,3	144,7	189,0
Efnahagur	31.12.07	31.12.06	31.12.05	31.12.04	31.12.03
Fjárhæðir í mkr.					
Fastafjármunir	2.968,2	2.426,1	2.355,5	2.313,5	1.775,3
Veltufjármunir	1.559,0	1.309,9	1.222,2	1.335,5	1.069,4
Eignir samtals	4.527,2	3.736,0	3.577,7	3.649,0	2.844,7
Eigið fé	1.613,8	1.564,3	1.572,6	1.263,0	1.189,8
Þar af A og B-deild stofnsjóðs	420,9	407,7	383,8	380,5	409,1
Langtímaskuldir og skuldbindingar	2.024,3	1.319,7	1.360,0	1.653,9	906,8
Skammtímaskuldir	889,1	852,0	645,1	732,1	748,1
Skuldir samtals	2.913,4	2.171,7	2.005,1	2.386,0	1.654,9
Kennitölur					
EBITDA	465,2	382,5	414,9	314,8	209,7
Innra virði	3,8	3,8	4,1	3,3	2,9
Veltufjárhlutfall	1,8	1,5	1,9	1,8	1,4
Eiginfjárhlutfall	36%	42%	44%	35%	42%
Ársverk					
Unnin ársverk	441	430	415	431	344

Afkoma ársins 2007

- **Tekjur ársins 5.472,4 mkr. en 5.043,1 mkr. árið 2006.**
- **132,7 mkr. hagnaður á árinu, en 23,4 mkr. hagnaður árið áður.**
- **EBITDA afkoma var 465 mkr. og hækkar um 83 mkr. frá fyrra ári.**

Ársreikningurinn samanstendur af ársreikningi Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélagi þess, Reykjagarði hf. sem Sláturfélagið á að öllu leyti.

Hagnaður samstæðu Sláturfélags Suðurlands á árinu 2007 var 132,7 mkr. Árið áður var 23,4 mkr. hagnaður. Eigið fé Sláturfélagsins er tæpar 1.614 mkr. og eiginfjárhlutfall samstæðunnar er 36%.

Rekstrartekjur samstæðu Sláturfélags Suðurlands voru 5.472 mkr. árið 2007, en 5.043 mkr. árið áður og hækka því um 8,5%. Aðrar tekjur voru 34 mkr en 41 mkr. árið áður.

Vöru- og umbúðanotkun var 2.540 mkr. en 2.506 mkr. árið áður. Launakostnaður hækkaði um 14%, annar rekstrarkostnaður hækkaði um tæp 14% og afskriftir hækkuðu um tæp 5%. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 226 mkr., en 154 mkr. árið áður.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 124 mkr., en voru 159 mkr. árið áður. Gengistap nam tæpum 9 mkr. samanborið við 90 mkr. árið áður. Hagnaður af sölu hlutabréfa var 4 mkr. en 5 mkr. árið áður. Hlutdeild

Í afkomu hlutdeildarfélaga var jákvæð um 25 mkr. en árið áður um 23 mkr. Hagnaður af rekstri ársins var 132,7 mkr. en 23,4 mkr. árið áður.

Veltufé frá rekstri var 338 mkr. árið 2007, samanborið við 365 mkr. árið 2006.

Heildareignir Sláturfélagsins 31. desember voru 4.527 mkr. og eiginfjárhlutfall 36%. Veltufjárhlutfall var 1,8 árið 2007, en 1,5 árið áður.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins í mars 2007 var í aprílmánuði greiddur 7,0% arður af B-deild stofnsjóðs alls 13 mkr. og reiknaðir 7,0% vextir á A-deild stofnsjóðs alls 16 mkr.

Stjórnin staðfesti endurskoðaðan ársreikning félagsins á stjórnarfundi í dag.

Sláturfélagið birtir upplýsingar um afkomu á sex mánaða fresti í samræmi við heimildir í reglum félaga á Tilboðsmarkaði Kauphallarinnar.

Aðalfundur

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands verður haldinn föstudaginn 28. mars n.k. Stjórn félagsins mun þar leggja til að greiddur verði 15,86% arður af B-deild stofnsjóðs, alls 28 mkr. og reiknaðir 10% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, alls 24 mkr. Arðleysisdagur er 31. mars og arðréttindadagur er 2. apríl. Greiðsludagur arðs er 30. apríl n.k.

Staða og horfur

SS hefur breytt áherslum í kjötiðnaði samfara breyttu neyslumunstri landsmanna með því að mæta í auknum mæli þörfum mótuneyta og veitingahúsa. Breytt matarinnkaup heimila samfara minni tíma til eldamennsku kallar á stöðuga vöruþróun í tilbúnum réttum og tímasparandi lausnum sem uppfylla þurfa næringarþörf neytenda.

Vöxtur í neyslu alifuglakjöts hefur verið mikill á sama tíma og stöðnun hefur ríkt í neyslu lambkjöts. Með þessa þróun í huga hefur SS aukið enn frekar áherslu sína með eignarhaldi í tveimur af þrem kjúklingaframleiðslufyrirtækjum landsins í því skyni að styrkja stöðu sína sem leiðandi matvælafyrirtæki.

Matvöruhloti innflutningsdeildar hefur aukið hlutdeild sína á markaði enda mörg vöruamerki deildarinnar vel þekkt á heimsvísu. Sala á tilbúnum áburði til bænda í samstarfi við Yara í Noregi hefur aukist umtalsvert enda vörugæðin þekkt meðal bænda. Innflutningur á kjarnfóðri er hafin í samstarfi við DLG í Danmörku sem styrkir enn frekar innflutningshluta félagsins.

Áburður og kjarnfóður hefur hækkað mjög mikið að undanfögnu, í raun meira en áður hefur þekkt. Bændur geta ekki tekið á sig þessar miklu hækkanir á framleiðslukostnaði án þess að til komi hækkun á afurðaverði. Þetta mun því óhjákvæmilega leiða til hækkunar á matvælum til neytenda á komandi mánuðum.

Á árinu 2009 mun útflutningsskylda falla niður á dilkakjöti. Af þessum sökum ríkir talsverð óvissa um afkomu kjötgreina þegar kemur fram á árið 2009. Hækkun á aðföngum bænda til framleiðslu afurða og niðurfelling útflutningsskyldu eykur þörf fyrir hagræðingu hjá bændum og afurðafyrirtækjum. Einnig þarf íslenskur landbúnaður að búa sig undir aukin innflutning samfara lækkun innflutningstolla á landbúnaðarvörum.

Nánari upplýsingar veitir Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000

Reykjavík, 22. febrúar 2008
Sláturfélag Suðurlands svf.